

## **Yfirlýsing**

### **Samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins**

### **28. febrúar 2017**

Við endurskoðun og framlengingu kjarasamninga í janúar 2013 lýstu SA og ASÍ yfir vilja samtakanna til þess að koma að sameiginlegum vettvangi með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda yrði leitað í nágrannaríkjum okkar þar sem almenn sátt ríkir á vinnumarkaðnum um að kjarasamningar fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni marki svigrúm til launabreytinga og að aðrir kjarasamningar lúti því merki sem þar er gefið.

- Fyrstu kjarasamningarnir í þessum anda voru gerðir í lok árs 2013 og ársbyrjun 2014 af hálfu aðildarsamtaka ASÍ og BSRB við viðsemjendur sína, en stefna þeirra var brotin niður af kjarasamningum KÍ og ríkisins og BHM og sveitarfélaga skömmu síðar.
- Snemmsumars árið 2015 freistuðu samningsaðilar á almennum vinnumarkaði þess á ný að móta kjarastefnu sem yrði fyrirmynd annarra kjarasamninga, en sú stefna var enn brotin á bak aftur með gerðardómi sem sem batt enda á kjaradeilur BHM og hjúkrunarfræðinga og ríkisins.
- Nú, í febrúar 2017, er enn og aftur komin upp sú staða að kjarasamningar í opinbera geiranum valda forsendubresti í samningum á almennum vinnumarkaði sem gefur tilefni til uppsagnar þeirra.

Þar til viðbótar hafa úrskurðir kjararáðs undanfarin misseri um laun kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstjóra ríkisfyrirtækja gengið þvert á þá launastefnu sem mótast hefur í kjarasamningum.

Þann 27. október 2015 gerðu ASÍ, BSRB, SA, ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg rammasamkomulag um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Samkomulagið felur í sér sameiginlega launastefnu til ársloka 2018, meginatriði nýs samningalíkans til framtíðar og virkt samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

Í janúar 2016 endurskoðuðu ASÍ og SA kjarasamninga sína til að bregðast við þeirri launastefnu sem mótuð hafði verið með rammasamkomulaginu.

Við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2017 er staðfest að forsenda þeirra um launastefnu og launahækkanir hefur brostið. Samninganefnd aðildarfélaganna ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa í dag náð samkomulagi um að fresta afstöðu til uppsagnar kjarasamninga til loka febrúar 2018. Markmiðið er að skapa aðilum vinnumarkaðarins skilyrði fyrir áframhaldandi vinnu á grundvelli rammasamkomulagsins þrátt fyrir forsendubrestinn. Ákvæði rammasamkomulagsins um launaskriðstryggingu kauptaxta kjarasamninga hefur af hálfu aðildarfélaganna ASÍ og BSRB verið talið snar þáttur í því að skapa samningsaðilum aðstæður til þess að þróa og móta nýtt kjarasamningalíkan.

Það er þó sameiginlegt mat ASÍ og SA að forsenda þess að unnt verði að taka á ný upp vinnu við mótun nýs samningalíkans sé að laun kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna verði breytt frá ákvörðun kjararáðs á árinu 2016 og þróist á grundvelli sömu launastefnu og mótuð var með rammasamkomulaginu með tilvísun í nóvember 2013 sem grunnviðmiðun.